

STADARVAL FYRIR SUMARBÚÐIR ÞJÓÐKIRKJUNNAR  
Í KJALARNESPROFASTSDÆMI

Eftir

Jón Jónsson og Svein S. Einarsson

RAFORKUMALASTJÖRI  
Reykjavík

September 1964

Staðarval fyrir sumarbúðir þjóðkirkjunnar í Kjarnes-prófastsdæmi

Raforkumálastjóri hefur óskat þess að undirritaðir Sveinn S. Einarsson, verkfræðingur og Jón Jónasson, jarðfræðingur, athuguðu hvort staðsetning fyrirhugaðra sumarbúða þjóðkirkjunnar við suðvestanvert Kleifarvatn gæti samrýmt aðgerðum sem líklegt er að síðar kunni að fara fram á þessum slóðum vegna virkjunar jarðhitasvæða í nágrenninu.

Miðvikudaginn 16. september 1964 fóru undirritaðir ásamt séra Braga Friðrikssyni á vettvang og athuguðu staðhætti. Séra Bragi skýrði svo frá, að í umræddum sumarbúðum væri ráðgert að hýsa 100-120 manns, aðallega æskufólk, að parna þyrfti að vera aðstaða til að halda allfjölmenn mótmæli o.s.frv. og til mála gæti komið að nota byggingarnar að vetrum fyrir skóla handa afbrigðilegum börnum.

Séra Bragi taldi að starfsemi þessi þyrfti um 1 ha lands. Hefði verið ráðgert að byggja hús vegna starfseminnar á hæðardragi suður af vatnsandanum skammt vestur af hvernum við núverandi skátaskála, og nota víkina norður og austur frá Geithöfða sem uppsátur og athafnasvæði fyrir báta, er vistmenn hefðu afnot af.

Á meðfylgjandi korti eru sýnd nokkur helztu hverasvæði í nágrenni umrædds byggingarstaðar, ennfremur meiri háttar brot- og misgengislinur, sem nú eru þekktar. Ef litil er á þetta kort kemur í ljós að fyrirhugaður byggingarstaður er nálgagt miðju jarðhitasvæðisins, eins og það kemur mönnum fyrir sjónir í dag. Á sjálfum byggingarstaðnum er berg verulega ummyndað af jarðhita.

Samkvæmt þessu er mjög líklegt að þegar virkjun jarðhita á Krýsuvíkursvæðinu verður hafin, þá muni einmitt landssvæðin við suðvesturenda Kleifarvatns verða talin sérlega álitleg borsvæði. Þá má vanta þess að sökst verði eftir að bora í grennd vatnsins, einnig af þeirri ástæðu hve þar er annvelt að afla kælivatns eða fersks vatns til varmaflutnings t.d. vegna háhitaveitu til Hafnarfjarðar- Reykjavíkursvæðisins.

Ástæða er til þess að benda á, að hér og þar um jarðhitasvæðin í Krýsuvík eru hverir að breyta sér, og í meiri háttar jarðskjálfum gæti þarna orðið veruleg röskun, samanber myndun Eystri Engjahvers á sínum tíma. Leirhverir eru þar margir og sumir hverjir mjög hættulegir mönnum. Af almennum Öryggisástæðum virðist okkur því mjög varhugavert að safna ungmennum til dvalar á þessu svæði. Að dómi okkar á þetta við um allt landið frá suðurhluta Kæifarvatns og suður að Grænavatni og Geststabavatni.

Það er skoðun okkar að á þessum slóðum stti ekki að leyfa byggingu mannvirkja vegna annarrar starfsemi en þeirrar, er beinlínis er tengd meiri háttar jarðhitavinnslu úr svæðinu.

Reykjavík, 28. 9. 1964

---

Jón Jónsson

---

Sveinn S. Einarsson

VERMIR  
S.F.

RAFORKUMÁLASTJÓRI  
Jarðhitasvæði við  
Krisuvík

29-9-64 SSE/SB

----- BROTLÍNUR  
+++++ MISGENGI  
[Hatched Box] HVERASVÆÐI

0 1 2 3 Km

